

31

9. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

- A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækandi ofan af norðurbrún hraunsins. 2. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum. 3. Þaðan bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark frá Vífilsstöðum. 4. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika. 5. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi. 6. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar. 7. Eftir stíflugarðinum, yfir tjörnina. 8. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni. 9. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarbraut. 10. Þá lína í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar. 11. Þaðan í Lækjarbotna. 12. Þá í Gráhellu. 13. Þaðan í miðjan Ketshelli. 14. Eftir Selvogsmanna-
eða Grindaskarðavegi í Kaplatór (Strandartorfur). 15. Þaðan bein lína í Markkraka. 16. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi. 17. Meðfram Krýsuvíkurvegi, þar til kemur að norðurbrún Kapelluhrauns. 18. Með norðurbrún Kapelluhrauns að Keflavíkurvegi. 19. Meðfram Keflavíkurvegi suður fyrir Kapelluhraun til sjávar.

- B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.